

# Hyundai Bluelink Europe

## Persónuverndaryfirlýsing – Bluelink-reikningur

Útgáfa: júlí 2020

### 1 Um hvað fjallar þessi persónuverndaryfirlýsing?

Í þessari persónuverndaryfirlýsingu („**Persónuverndaryfirlýsing**“) greinum við frá söfnun og vinnslu persónuupplýsinga um þig í tengslum við Bluelink-reikninginn og réttindunum sem þú nýtur sem skráður aðili.

Við tökum friðhelgi þína mjög alvarlega og vinnum aðeins úr persónuupplýsingum þínum í samræmi við viðeigandi gagnaverndar- og persónuverndarlög.

Um alla vinnslu á persónuupplýsingum í tengslum við Bluelink-þjónustu Hyundai í upplýsinga- og afþreyingarkerfi bílsins og Hyundai Bluelink-forritið gildir sérstök persónuverndaryfirlýsing.

### 2 Hver ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinganna minna?

Hyundai BL ehf., lögaðili í/á Íslandi með fyrirtækjaskráarnúmerið 630211-0500 og opinbert aðsetur fyrirtækis í Kaupþún 1, 210 Garðabær („**Dreifingaraðili**“) ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga þinna eins og lýst er í þessari persónuverndarstefnu. Dreifingaraðilinn er sameiginlegur ábyrgðaraðili með Hyundai Motor Europe GmbH, með skráða skrifstofu í Kaiserleipromenade 5, 63067 Offenbach, Þýskalandi („**Hyundai**“). Dreifingaraðilinn og Hyundai verða hér á eftir nefnd „**við**“, „**okkur**“ eða „**okkar**“.

Hyundai og dreifingaraðili gera samning um vinnslu persónuupplýsinga. Ef eftir því er leitað upplýsir dreifingaraðili notandann um kjarna slíks samnings.

### 3 Hvernig get ég haft samband við ábyrgðaraðila gagna og gagnaverndarfulltrúann?

Ef þig vantar svör við spurningum um eða í tengslum við þessa persónuverndaryfirlýsingu eða þú vilt kvarta yfir meðhöndlun okkar á persónuupplýsingum þínum eða nýta þér annan rétt þinn (sjá hluta 7 hér á eftir) skaltu hafa samband við okkur með samskiptaupplýsingunum hér að ofan eða:

Hyundai BL ehf.  
Netfang: thjonusta@hyundai.is  
Símanúmer: 5751200

Einnig geturðu haft samband við gagnaverndarfulltrúa okkar:

Netfang: gudrunh@hyundai.is  
Almennur póstur: Guðrún Erna Hafsteinsdóttir  
Kaupþún 1, 210 Garðabær  
Ísland

### 4 Úr hvaða flokkum persónuupplýsinga er unnið?

Gögn sem er safnað í tengslum við Bluelink-reikninginn eru nafn þitt, netfang, fæðingardagur, farsímanúmer, aðgangsorð, samþykki þitt á Notkunarskilmálar – Bluelink-reikningur, PIN-númer staðfestingar, auðkenni bíls og virkjunarkóði.

## 5 Í hvaða tilgangi og á hvaða lagagrundvelli er unnið úr persónuupplýsingunum þínum?

Við vinnum persónuupplýsingar sem þú leggur til við skráningu Bluelink-reiknings og notkun þína á reikningnum í Bluelink-forritinu, sem þú sóttir í forritaversluninni

- til að hafa umsjón með Bluelink-reikningnum þínum (frá innskráningu þar til Bluelink-reikningnum er lokað),
- til að veita þér alla eiginleika Bluelink-reikningsins,
- til að tryggja og veita þér aðgang að þjónustu okkar sem krefst Bluelink-reiknings og
- til að tilkynna þér um uppfærslur á Bluelink-reikningnum.

Við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum þar sem það er nauðsynlegt til að efna samning okkar við þig um Bluelink-reikninginn (b-liður 1. mgr. 6. gr. almennu persónuverndarreglugerðar Evrópusambandsins („GDPR“)).

Öll frekari gagnavinnsla vegna tiltekinnar fjarvirkniþjónustu og persónuupplýsinga í tengslum við hana (svo sem tiltekið verksmiðjunúmer eða gögn tengd notkun bíls) fellur undir persónuverndaryfirlýsingar viðkomandi þjónustu.

Við vinnum einungis úr persónuupplýsingunum þínum í öðrum tilgangi ef okkur ber skylda til þess til að uppfylla lagaskyldu (til dæmis til að miðla þeim til dómstóla eða saksóknara), ef þú hefur gefið samþykki fyrir viðkomandi vinnslu eða ef vinnslan er með öðrum hætti lögmæt samkvæmt gildandi lögum. Í slíkum tilvikum veitum við þér viðbótarupplýsingar um vinnsluna á persónuupplýsingunum þínum.

## 6 Hverjir fá aðgang að persónuupplýsingunum mínum?

Aðgangur að persónuupplýsingunum þínum er takmarkaður við einstaklinga sem þurfa á honum að halda til að uppfylla starfssvið sitt.

Persónuupplýsingar þínar kunna að vera fluttar í viðeigandi tilgangi til viðtakenda og flokka viðtakenda sem taldir eru upp hér á eftir og eru unnar hjá þessum sömu viðtakendum í viðeigandi tilgangi:

- Þriðju aðilar – Tengdir eða ótengdir einkaaðilar aðrir en við sem einir eða í samstarfi við aðra stjórnar tilgangi og framkvæmd vinnslu persónuupplýsinga.
- Gagnavinnsluaðilar – Við sendum persónuupplýsingar þínar til tiltekinnna þriðju aðila, tengdra eða ótengdra, til vinnslu fyrir hönd dreifingaraðilans, með viðeigandi leiðbeiningum, eftir þörfum, fyrir tilgang viðkomandi vinnslu. Gagnavinnsluaðilar vinna samkvæmt samningsbundnum skyldum við að innleiða viðeigandi tæknilegar og skipulagstengdar öryggisráðstafanir til að verja persónuupplýsingar og til að vinna persónuupplýsingar þínar aðeins eftir fyrirmælum.

Núverandi gagnavinnsluaðili fyrir Bluelink reikninginn er Hyundai Autoever Europe, Kaiserleistrasse 8A, 63067 Offenbach am Main, Þýskalandi.

- Opinber yfirvöld, dómstólar, utanaðkomandi ráðgjafar og samsvarandi þriðju aðilar sem eru opinberir aðilar eins og farið er fram á eða leyft í gildandi lögum.

## 7 Eru gögnin flutt úr landi?

Einhverjir viðtakendur persónuupplýsinga þinna eru staðsettir eða kunna að hafa viðkomandi rekstur utan þíns lands og Evrópusambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins, svo sem í Suður-Kóreu, þar sem gagnaverndarlög kunna að veita annars konar vörn í samburði við löggjöf í þínu lögsagnarumdæmi og þar sem ekki er að finna samsvarandi umsagnaraðila og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.

Þegar gögnin þín eru flutt yfir landamæri munum við tilkynna þér það sérstaklega í samræmi við gildandi lög. Við gagnaflutning til slíkra viðtakenda utan Evrópusambandsins/Evrópska efnahagssvæðisins grípum við til viðeigandi öryggisráðstafana, og þá sérstaklega, með gagnaflutningssamningum frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem innihalda stöðluð ákvæði (t.d. föst samningsákvæði (2010/87/ESB og/eða 2004/915/EB)) við viðtakendur eða með því að grípa til annarra ráðstafana til að veita viðeigandi gagnavernd. Afrit af þeim ráðstöfunum sem við höfum gripið til er hægt að fá hjá gagnaverndarfulltrúa okkar (sjá hluta 3 hér að ofan).

## 8 Hve lengi verða persónuupplýsingarnar varðveittar?

Við og/eða þjónustuveitendur okkar varðveita persónuupplýsingarnar þínar eftir því sem þurfa þykir fyrir framkvæmd skyldna okkar og í þann tíma sem nauðsynlegur er til að uppfylla þann tilgang sem persónuupplýsingunum er safnað í, í samræmi við gildandi gagnaverndarlög. Þegar við þurfum ekki lengur að vinna persónuupplýsingarnar þínar í slíkum tilgangi munum við eyða þeim úr kerfum okkar og/eða skráum og/eða grípa til aðgerða til að gera þær ópersónugreinanlegar (nema okkur sé skylt að geyma upplýsingarnar þínar til að uppfylla lagalegar skyldur eða reglugerðir sem gilda um okkur). Persónuupplýsingar í samningum, samskiptum og viðskiptabréfum geta fallið undir lögbundna geymsluskyldu, sem getur verið geymsla allt upp í tíu (10) ár. Ef við á eyðum við öðrum persónuupplýsingum um þig að jafnaði fimm (5) árum eftir lok samningsbundnu tengslanna á milli þín og okkar.

## 9 Hvaða réttindi hef ég og hvernig get ég nýtt þau?

Ef þú hefur veitt samþykki fyrir vinnslu persónuupplýsinga geturðu afturkallað samþykki þitt hvenær sem er og gildir það frá þeim tíma sem það er afturkallað. Slík afturköllun hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslunnar fram að afturköllun þinni.

Þú hefur eftirfarandi réttindi hvað varðar vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt gildandi lögum um gagnavernd. Athugaðu að þessi réttindi kunna að vera takmörkuð samkvæmt gildandi landslögum um gagnavernd.

9.1 **Réttur til aðgangs:** Þú hefur rétt til að fá staðfestingu á því frá okkur hvort verið sé að vinna persónuupplýsingar er varða þig og, ef svo er, rétt til að biðja um aðgang að persónuupplýsingunum. Þessa upplýsingar fela í sér – meðal annars – tilgang vinnslunnar, viðkomandi flokka persónuupplýsinga þinna og viðtakendur eða flokka viðtakenda persónuupplýsinganna. Þetta er hins vegar ekki ófrávíkjanlegur réttur og hagsmunir annarra einstaklinga kunna að takmarka rétt þinn til aðgangs.

Þú hefur einnig rétt á að fá afrit af persónuupplýsingunum um þig sem eru í vinnslu. Okkur er heimilt að innheimta sanngjarnt gjald, byggt á umsýslukostnaði, farir þú fram á fleiri eintök.

9.2 **Réttur til leiðréttingar:** Þú átt rétt á að fá óáreiðanlegar persónuupplýsingar er varða þig leiðréttar af okkur. Með hliðsjón af tilganginum með vinnslunni átt þú rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar, þ.m.t. með því að leggja fram yfirlýsingu til viðbótar.

9.3 **Réttur til eyðingar („réttur til að gleymast“):** Við tilteknaðar aðstæður hefur þú rétt á að við eyðum persónuupplýsingum sem varða þig og okkur kann að vera skylt að eyða persónuupplýsingum þínum.

9.4 **Réttur til takmörkunar á vinnslu:** Í tilteknum tilvikum átt þú rétt á að við takmörkum vinnslu persónuupplýsinga þinna. Í þessu tilviki verða viðkomandi gögn merkt og við megum aðeins vinna úr þeim í tilteknum tilgangi.

9.5 **Réttur til að flytja eigin gögn:** Við tilteknaðar aðstæður hefur þú rétt til að fá sendar persónuupplýsingar um þig, sem þú hefur sent okkur, á skipulegu, algengu, tölvulesanlegu sniði og þú átt rétt á að senda þessar upplýsingar, eða láta okkur senda þær beint, til annars aðila, án hindrana af okkar hálfu.

**9.6** Andmælaréttur: Við ákveðnar kringumstæður og á grundvelli aðstæðna þinna hefur þú rétt á að mótmæla úrvinnslu okkar á persónuupplýsingum þínum og hægt er að fara fram á að við hættum úrvinnslu persónuupplýsinga þinna. Ef persónuupplýsingar þínar eru unnar í þágu beinnar markaðssetningar, átt þú hvenær sem er rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga sem varða þig vegna slíkrar markaðssetningar, þ.m.t. gerð persónusniðs að því marki sem það tengist slíkri beinni markaðssetningu. Í þessu tilviki verða persónuupplýsingar þínar ekki lengur unnar af okkur í þessum tilgangi.

**9.7** Réttur til að leggja fram kvörtun: Þú hefur einnig rétt til að leggja fram kvörtun hjá lögbæru eftirlitsfirvaldi með gagnavernd, til dæmis í upprunalandi þínu.

Til að nýta þér rétt þinn skaltu hafa samband við okkur eins og lýst er í hluta 3 hér að ofan.

**10 Er mér skylt að veita upplýsingar?**

Þér ber engin lög- eða samningsbundin skylda til að veita okkur persónuupplýsingar. Þú getur þó ekki stofnað Bluelink-reikning ef þú veitir ekki umbeðnar persónuupplýsingar í skráningarferlinu.

**11 Hvernig er hægt að breyta þessari persónuverndaryfirlýsingu?**

Í framtíðinni kunnum við öðru hvoru að breyta og/eða bæta við þessa persónuverndaryfirlýsingu. Við tilkynnum þér um allar efnislegar breytingar (einkum breytingar sem hafa efnisleg áhrif á réttindi þín). Þú getur hvenær sem er nálgast og skoðað persónuverndaryfirlýsinguna fyrir viðeigandi útgáfu á Bluelink-reikningnum þínum.